

Sjálfbærniverkefni á Austurlandi

Símafundur stýrihóps 17-12-2014 kl. 13:00

Mætt: Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Dagný Reynisdóttir (Fjarðaál) kom í stað Geirs Sigurpáls Hlökkverssonar, Else Möller (Austurbrú), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Sigrún Víglundsóttir (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Fríða Björg Eðvarsdóttir, Guðrún Á. Jónsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson boðuðu forföll

Á dagskrá fundarins var tímasetning og dagskrá ársfundar og stýrihópsfundar í janúar.

Umræður:

1. Fundurinn leggur til að ársfundur Sjálfbærniverkefnisins verði haldinn í Fjarðabyggð þriðjudaginn 14. apríl. Starfsmenn Austurbrúar kanna hvort hentar að halda hann á Fáskrúðsfirði eða Eskifirði. Rætt að hafa fundinn aðeins lengri en síðast t.d. kl. 13:30 – 17:30 þar sem fundartími var þá fullknappur, og að tvískipta honum í þema annars vegar og hefðbundna ársfundadagskrá hins vegar. Tillagan er lögð fram með fyrirvara um samþykki fjarverandi fulltrúa stýrihóps. Árni og Dagný munu einnig kynna tímasetninguna innan sinna fyrirtækja m.t.t. þess hvort hún gangi upp þar. Ef engin andmæli hafa borist 22. janúar telst hún samþykkt.ⁱ
2. Lagt er til að stýrihópur hittist á Egilsstöðum fimmtudaginn 22. janúar á vinnufundi. Fundurinn verði lengri en síðast t.d. kl. 9:30 – 15:00 með hádegishléi.

Fundi slitið kl.: 13:20

ⁱ Eftir fundinn komu fram athugasemdir við að halda ársfund 14. apríl og var niðurstaðan að halda fundinn 6. maí kl. 14 - 18.